

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

*Breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit.*  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 28. júní sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga 1 í Mývatnssveit.

Breytingin felst í því að nýjum byggingarreit fyrir þjónustubyggingu sambærilegri og aðliggjandi húsum að stærð, útliti, efnis- og litavali er bætt inn á gildandi deiliskipulag. Hámarksbyggingarmagn er 100 m<sup>2</sup> og hámarkshæð er 4 m.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Mývatnssveit, 28. júní 2018.*

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2018